

Fundargerð

Aðalfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

haldinn þriðjudaginn 13. maí 2025 kl. 14–17

Í húsnæði Háskóla Íslands, Odda 101 og á Teams

Sigrún Ólafsdóttir, formaður félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 14.03.

Samtals voru 26 félagar á fundinum, um helmingur var á staðnum og aðrir á Teams.

Formaður lagði til að Þröstur Olaf Sigurjónsson yrði kosinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri lagði til að Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri FPR, yrði ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tilkynnti að fundurinn væri lögmætur og löglega til hans boðað.

Hann upplýsti að Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM, væri á Teams. Hann sæi um rafrænar kosningar ef til þeirra kæmi. Ef óskað væri eftir leynilegri kosningu þyrfti að bera fram beiðni um það.

Hann tilkynnti að fundurinn yrði tekinn upp, en einungis til afnota fyrir fundarritara til að auðvelda vinnu hans. Upptökunni yrði hvorki dreift né hún birt á netinu.

Því næst var gengið til dagskrár aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar samkvæmt 4. gr. laga félagsins er eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagður fram ársreikningur, gerður af löggildum endurskoðanda og yfirfarinn og áritaður af skoðunarmönnum.
3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr. (og Kjaradeilusjóður)
5. Niðurstöður stjórnarkjörs kynntar, sbr. 9. gr.
6. Kosin kjörnefnd sbr. 9. gr. (þriðja hvert ár, næst 2026)
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.

Fundarstjóri gaf formanni FPR, Sigrúnu Ólafsdóttur, orðið. Hún fór yfir það helsta sem hefur verið í gangi hjá félaginu á starfsárinu 2024–2025. Fyrir nánari upplýsingar vísaði hún í skýrslu stjórnar sem send var félagsfólki fyrir fundinn og er jafnframt aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Stjórn FPR starfsárið 2024–2025 skipuðu:

Sigrún Ólafsdóttir, formaður
Ólafur Páll Jónsson HÍ, varaformaður
Zophonías Oddur Jónsson HÍ, gjaldkeri
Guðný Björk Eydal HÍ, meðstjórnandi
Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir HÍ, meðstjórnandi
Hermína Gunnþórsdóttir HA, meðstjórnandi
Ragna Benedikta Garðarsdóttir, meðstjórnandi
Þóroddur Bjarnason HÍ, meðstjórnandi

Sigrún byrjaði á því að fara yfir tölulegar upplýsingar um fjölda virkra félaga sem starfa hjá ríkisháskólunum, en þeir eru 379 talsins, flestir starfa við Háskóla Íslands (HÍ), eða 338 manns. Við Háskólann á Akureyri (HA) starfa 28, sex við Háskólann á Hólum og sjö við Landbúnaðarháskóla Íslands. Meðalaldur félagsfólks er 58 ár og hlutfall kvenna er 40%.

Starfsemi félagsins.

Stærsta verkefni tímabilsins voru kjaraviðræður félagsins við ríkið. Þeim lauk með undirritun samnings 8. apríl sl. og samþykki félagsfólks 15. apríl. Kjörsókn var 70,5% og af þeim sem greiddu atkvæði samþykktu 91,8% samninginn. Í upphafi unnu háskólafélögin þrjú, Félag prófesora við ríkisháskóla (FPR), Félag háskólakennara (FH) og Félag háskólakennara á Akureyri (FHA), náði saman og lögðu fram sameiginlega kröfugerð. Samstarfinu lauk um miðjan september og, eftir að hafa farið vel yfir málið, ákvað FPR að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara. Eftir 14 fundi var kjarasamningurinn loks undirritaður með gildistíma frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028. Um er að ræða 18,1% hækkun grunnlauna á samningstímabilinu. Í samkomulagi FPR við opinberu háskóla er prófessorum að auki tryggð tvö aukaprep í stað eins áður, sem jafngildir 2,5% hækkun ofan á þá hækkun sem miðlægi kjarasamningurinn kveður á um. Hækkunin kemur til framkvæmda 1. september 2025.

Þegar leiðréttingar á greiðslum voru greiddar afturvirkir frá 1. apríl 2024 samkvæmt kjarasamningi urðu mistök hjá Fjársýslunni, þannig að margir fengu ofgreitt vegna kennslufirvinnu. Ekki er enn búið að ráða fram úr því.

Í kjarasamningnum er bókun um að kannað verði hvort taka eigi upp virðismat starfa. Með því er átt við að störf háskólakennara (FPR, FH og FHA) verði metin með tilliti til menntunarkrafna, sérhæfingar, hæfni, ábyrgðar, álags og vinnuumhverfis. Ef það verður innleitt mun það liggja til grundvallar ákvörðun grunnlauna.

Félagið stóð fyrir málþingi, í samstarfi við FH og FHA, um matskerfi opinberra háskóla í maí 2024 og hélt fundi um háskólamál með framboðum til Alþingis í nóvember sama ár. Þá stóð félagið fyrir málþingi um stöðu og framtíð Háskóla Íslands (HÍ) í apríl sl., sem haldið var í samstarfi við Vísindafélag Íslands. FPR stóð jafnframt með fundaröð í tengslum við rektorskjör HÍ í febrúar og mars sl., í samstarfi við FH. Jólaboð emeríta voru tvö að þessu sinni, í Reykjavík og á Akureyri.

Stjórn hefur stofnað starfshóp um reglur vinnumatskerfisins sem mun rýna nánar í niðurstöður könnunar um sjóðinn sem félagið stóð fyrir í nóvember sl. Guðný Björk Eydal er formaður hópsins.

Stéttarfélög akademískra starfsmanna á Norðurlöndum tóku saman skýrslu um stöðu akademísks frelsis á Norðurlöndum. Hún fjallar um stöðuna og þær hættur og ógnir sem steðja að akademísku frelsi og nauðsynlegt er að standa vörð um. Skýrslan, sem er á ensku, var afhent fulltrúum á fundi Norðurlandaráðs sem haldinn var á Íslandi í október. Yfirskrift hennar er „Academic Freedom in the Nordics: Legislation, Practice, Challenges“ (Akademískt frelsi er í hættu – Tími til aðgerða).

Að lokum vísaði formaður í þrjú mál sem tekin verða fyrir undir liðnum önnur mál. Í fyrsta lagi er það tillaga stjórnar um að taka upp viðræður við önnur stéttarfélög með það að markmiði að sameina akademískt starfsfólk við opinberu háskólana í eitt félag. Könnun félagsins um viðhorf félagsfólks til slíkrar sameiningar er jákvæð. Þá verða teknar fyrir tvær ályktanir sem varða starfsfólk HÍ, annars vegar um sáttmálasjóð og hins vegar um fæðisfé og mötuneytismál.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir skýrsluna og opnaði fyrir umræður um hana. Enginn kvaddi sér hljóðs.

2. Lagður fram ársreikningur, gerður af löggildum endurskoðanda og yfirfarinn og áritaður af skoðunarmönnum.

Zophonías Oddur Jónsson, gjaldkeri félagsins, og Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, gerðu grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir árið 2024.

Zophonías upplýsti fundinn um að endurskoðandi félagsins, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf., og skoðunarmenn félagsins, þeir Gísli Már Gíslason og Þórólfur Matthíasson, hefðu undirritað ársreikninginn ásamt stjórn félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam halli af rekstri félagsins 8,1 m.kr. árið 2024 samanborið við 4 m.kr. árið áður. Félagsgjöld hækkuðu úr 0,8% í 0,9% til að skapa svigrúm til að greiða í Kjaradeilusjóð, sbr. samþykkt aðalfundar 2024. Hækkunin kom til framkvæmda 1. október 2024 eftir framhaldsaðalfund félagsins þegar reglur um Kjaradeilusjóð voru samþykktar. Framlag í sjóðinn nam 1,1 m.kr. fyrir árið 2024. Launagreiðslur og þóknun til stjórnar hækkuðu á milli ára, sem skýrist að mestu leyti af vinnu í tengslum við kjarasamninga. Kostnaður af félagsstarfsemi hækkaði einnig á milli ára vegna funda, málþinga og fleiri viðburða á árinu og hið sama á við um skrifstofukostnað. Eigið fé í lok árs nam 41,9 m.kr. Hvað varðar Starfsþróunarsjóð prófessora var halli af rekstri sjóðsins samtals 5,9 m.kr. en eigið fé í lok árs nam 88,5 m.kr.

Fundarstjóri þakkaði fyrir yfirferðina á ársreikningnum og opnaði fyrir umræðu um hann. Engar spurningar komu fram.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til afgreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.

3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.

Fundarstjóri upplýsti að engar lagabreytingartillögur lögju fyrir.

4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr. og Kjaradeilusjóður.

Félagsgjald.

Fundarstjóri gaf formanni orðið. Formaður kynnti tillögu stjórnar FPR til aðalfundar um að félagsgjaldið verði áfram óbreytt, 0,9% af launum félagsfólks, eins og samþykkt var á aðalfundi 2024 (var áður 0,8%).

Fundarstjóri bar tillöguna upp til afgreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

Kjaradeilusjóður.

Fundarstjóri bað um leyfi fundarins til að bera upp undir þessum lið tillögu um framlag í Kjaradeilusjóð, þar sem það er hluti af félagsgjaldinu,

Framlag í Kjaradeilusjóð.

Stjórn leggur til að framlag í Kjaradeilusjóð fyrir árið 2025 verði 0,1% af launum félagsfólks fyrir árið 2025 sem er sú hækkun á félagsgjöldum sem samþykkt var á aðalfundi 2024.

Tillagan var send með fundargögnum fyrir fundinn.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til afgreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Niðurstöður stjórnarkjörs kynntar, sbr. 9. gr.

Fundarstjóri gaf Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur, formanni kjörnefndar, orðið.

Hún sagði frá starfi kjörnefndar. Í kjörnefnd eru, auk hennar, Engilbert Sigurðsson og Steinunn Hrafnisdóttir, öll við HÍ.

Framboðsfrestur til þeirra umbætta sem voru laus var til 1. apríl. Upplýsingar þar að lútandi voru sendar félagsfólki 10. mars og ítrekun send 27. mars. Þann 30. mars var sendur tölvupóstur þar sem upplýst var um að tvö sæti til viðbótar í stjórn væru laus, þar sem tveir stjórnarmenn vildu hætta áður en kjörtímabili þeirra lyki. Fundargögn voru send út viku fyrir fundinn með upplýsingum um frambjóðendur. Framboðsfrestur er runninn út og því ekki hægt að bjóða sig fram á fundinum.

Eftirtaldir fulltrúar gáfu kost á sér:

Framboð í sæti formanns til tveggja ára (2025-2027)

- Sigrún Ólafsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði HÍ

Framboð í sæti þriggja stjórnarmanna til tveggja ára (2025-2027)

- Ragna Benedikta Garðarsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði HÍ
- Zophonías Oddur Jónsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ
- Þröstur Olaf Sigurjónsson, prófessor á Félagsvísindasviði HÍ

Eins og kom fram hér áður gáfu tveir stjórnarmenn, Guðný Björk Eydal og Þóroddur Bjarnason, ekki kost á sér til áframhaldandi setu þótt kjörtímabili þeirra væri ekki lokið. Því þarf að kjósa um sæti tveggja stjórnarmanna til eins árs.

Framboð í sæti tveggja stjórnarmanna til eins árs (2025-2026).

- Kári Kristinsson, prófessor á Félagsvísindasviði HÍ
- Rannveig Björk Þorkelsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði HÍ

Þar sem jafnmörg framboð bárust og sæti voru laus voru frambjóðendurnir **sjálfkjörnir í embættin**.

6. Kosin kjörnefnd sbr. 9. gr.

Formaður kjörnefndar upplýsti að kosið væri í kjörnefnd þriðja hvert ár. Kjörnefnd var kosin árið 2023 og næst verður kosið í nefndina 2026. Því kemur ekki til kosninga að þessu sinni.

7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Formaður kjörnefndar upplýsti að skoðunarmenn félagsins gæfu áfram kost á sér til eins árs. Þeir eru eftirfarandi: Gísli Már Gíslason, prófessor emeritus, og Þórólfur Matthíasson, einnig

prófessor emeritus. Engin móttframboð bárust og voru þeir því sjálfkjörnir til eins árs (2025-2026).

Ingibjörg Svala lauk máli sínu með því að þakka öllum þeim sem buðu sig fram til starfa fyrir félagið kærlega fyrir það.

Fundarstjóri þakkaði Ingibjörgu fyrir og tilkynnti að nú væri komið að liðnum önnur mál.

8. Önnur mál.

Þrjú mál lágu fyrir fundinum undir þessum lið.

a) Tillaga stjórnar um að taka upp viðræður við önnur stéttarfélög með sameiningu akademísku starfsfólks hjá opinberu háskólunum í huga í eitt félag.

Fundarstjóri gaf formanni orðið til að fylgja tillögunni úr hlaði.

Formaður ræddi tillögu stjórnar um að taka upp viðræður við önnur stéttarfélög með það að markmiði að sameina akademískt starfsfólk við opinberu háskólana í eitt félag. Könnun sem félagið gerði meðal félagsfólks sýnir að meirihluti þess er jákvæður gagnvart sameiningu. Tillagan er svohljóðandi:

„Tillaga frá stjórn FPR til aðalfundar þann 13. maí 2025

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla óskar eftir umboði aðalfundar til að taka upp viðræður við önnur stéttarfélög með það að leiðarljósi að sameina allt akademískt starfsfólk opinberu háskólanna í eitt stéttarfélag. Markmið viðræðnanna er að kanna kosti þess að tryggja að allt akademískt starfsfólk ríkisháskólanna verði saman í sterku og öflugum stéttarfélagi, til að takast á við þær áskoranir sem akademískt starfsfólk stendur frammi fyrir á vinnumarkaði.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Rætt var um að þetta hefði verið reynt áður án árangurs. Einnig var kom til tals að starfshópar innan háskólanna væru ólíkir og hvernig sameining gæti haft áhrif á þá. Þá kom fram að sumir teldu að sameining myndi styrkja félögin með kjarabaráttuna í huga.

Tillagan var borin upp til afgreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

b) Sáttmálasjóður HÍ

Næst var tekin fyrir ályktun stjórnar um Sáttmálasjóð HÍ.

Formaður fylgdi tillögunni úr hlaði, en hún er svohljóðandi:

„Ályktun aðalfundar FPR 13. maí 2025 um Sáttmálasjóð:

Félag prófessora mótmælir einhliða niðurfellingu á framlögum Háskóla Íslands til Sáttmálasjóðs, annað árið í röð, og varar eindregið við þeim áhrifum sem ákvörðunin mun hafa á getu félagsfólks til að starfa og kynna rannsóknir sínar á alþjóðlegum vettvangi til langs tíma.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um ályktunina.

Rætt var um að kanna hvernig staðan væri hjá hinum háskólunum og mikilvægi þess að kjörin hjá skólunum væru sambærileg.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til afgreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

c) Fæðisfé og mötuneytismál hjá HÍ

Næst var tekin fyrir ályktun stjórnar um fæðisfé og mötuneytismál hjá HÍ.

Formaður fylgdi tillögunni úr hlaði. Hún sagði frá því að skipaður hefði verið starfshópur um þessi mál, en þær breytingar sem samþykktar voru í Háskólaáði væru ekki í samræmi við niðurstöður hans. Því leggur stjórn félagsins til að neðangreind ályktun verði samþykkt. Hún er svohljóðandi:

„Ályktun aðalfundar FPR 13. maí 2025 um fæðisfé:

Félag prófessora við ríkisháskóla lýsir óánægju sinni með þá ákvörðun háskólaráðs Háskóla Íslands að afnema fæðisfé án þess að nokkuð sé gert til að bæta mötuneytisaðstöðu og framboð á hollum og góðum mat. Við vekjum athygli á að ákvörðunin er ekki byggð á tillögum starfshóps um nýtt fyrirkomulag vegna fæðisfjár og matarmiða starfsfólks og að ekki var haft samráð við fulltrúa stéttarfélaga áður en hún var tekin. Við förum fram á að afnámi fæðisfjár verði frestað þar til þær breytingar hafa verið gerðar á mötuneytisaðstöðu starfsfólks sem starfshópurinn leggur til og fulltrúar stéttarfélaga telja ásættanlegar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um ályktunina.

Rætt var um mismunandi aðstæður hjá skólunum og nauðsyn þess að tekið yrði tillit til álits starfshópsins, en ef það yrði ekki gert væri um sýndarsamráð að ræða. Lögð var áhersla á að ályktunin yrði send fyrir næsta fund Háskólaráðs síðar í vikunni.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til afgreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri sagði að ekki væru fleiri mál á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Fundarstjóri þakkaði öllum fyrir góðan og málefnalegan fund. Hann þakkaði í lokin fyrir sig og sagði að hlutverki sínu væri hér með lokið. Hann þakkaði fráfarandi stjórn fyrir störf hennar og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið. Þar næst gaf hann Sigrúnu Ólafsdóttur, formanni, orðið til að slíta fundi.

Lokaorð og fundarslit.

Sigrún Ólafsdóttir, formaður félagsins, þakkaði fyrir kjörið og bauð nýjum og endurkjörnum fulltrúum í stjórn og önnur embætti velkomna til starfa. Hún þakkaði einnig þeim Guðnýju Björk Eydal, Ólafi Páli Jónssyni og Þóroddi Bjarnasyni, sem eru að hætta í stjórn, fyrir samstarfið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.27.

Fundarritari, Lilja Þorgeirsdóttir.

Reykjavík 13. maí 2025

Sigrún Ólafsdóttir
formaður Félags prófessora við ríkisháskóla